

## Svar við bréfi Fríðu: Skáldkonan Arnfríður Sigurgeirsdóttir og frænkan í vestrinu<sup>1</sup>

### 1. Inngangur.

Íslenskar skáldkonur úr alþýðustétt áttu erfitt uppdráttar á seinni hluta nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu. Árið 1876 kom út fyrsta ljóðabókin eftir íslenska konu, *Stúlka* eftir Júlíönu Jónsdóttur (1838–1917). Eins og Guðrún Ingólfsdóttir hefur bent á var þó algengara að efni eftir skáldkonur frá 19. öld varðveittist eingöngu í handritum ef ljóð þeirra varðveittust yfir höfuð á skriflegu formi.<sup>2</sup> Jafnvel innan efri stétta samfélagsins þótti ekki við hæfi að konur fengjust við skriftir að því marki að það bitnaði á bústörfum þeirra, en fyrsta barnabókin sem kom út á prenti innihélt viðvörunarsögu þess efnis.<sup>3</sup> Einstæðar alþýðukonur sem unnu fyrir kaupí sínu voru ekki endilega undir eins ströngu „eftirliti“ og gátu vissulega ráðstafað tekjum sínum eins og þær vildu, en líf þeirra einkenndist af sleitulausri vinnuhörku eins og hið magnaða kvæði „Kveðið við spuna“ eftir Herdísí Andrédóttur (1858–1939) ber vitni um.<sup>4</sup>

- 
- 1 Kærar þakkir til Margrétar Eggertsdóttur og ónafngreindu ritrýnendanna fyrir gagnlegar ábendingar. Greinin byggist á rannsóknum mínum um bréf og handrit innflytjenda í Norður-Ameríku í verkefninu Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi.
  - 2 Guðrún Ingólfsdóttir, *Skáldkona gengur laus: erindi nítjándu aldar skáldkvenna við heiminn*.
  - 3 Guðlaug Gísladóttir, „Það var vel artað barn og hafði fengið hreina sálu“: fyrsta þýdda barnabókin á íslensku“.
  - 4 Soffía Auður Birgisdóttir, „Þar var Herdís: um ljóðagerð Herdísar Andrédóttur (1858–1939)“.

Margar íslenskra skáldkvenna og rithöfunda sem fæddust á 19. öld tóku ákvörðun um að flytja til Norður-Ameríku þar sem fjöldi starfa var í boði fyrir konur. Fyrst þeirra var trúlega Helga Steinvör Baldvinsdóttir eða Undína (1858–1941) sem var í hópi þeirra sem fluttu vestur um haf í ágúst 1873 og orti kveðju vesturfarans „Á burtsigling frá Íslandi 1873“ fyrir 150 árum á gufuskipinu *Queen*.<sup>5</sup> Skáldkonan Pálína Ketilsdóttir (1849–1886) fór vestur árið 1875 ásamt manni sínum og ungum syni og ætlaði að setjast að við Gravenhurst í Ontario-fylki en hraktist til Nýja Íslands árið eftir. Hún varð því miður ekki gömul en náði þó að birta kvæði eftir sig í vesturfarablaðinu *Leifi*. Torfhildur Hólm (1845–1918) kom síðan til Nýja Íslands beint frá Íslandi 1876 og hóf að gefa út sögur eftir sig tveimur árum seinna í blaðinu *Framfari*. Guðrún Þórðardóttir frá Valshamri (1816/1817–1896) flutti vestur ásamt fjölskyldunni árið 1883.<sup>6</sup> Júlíana Jónsdóttir kom ein til Vesturheims árið 1887 og settist að á Vesturströndinni eftir að búa fyrst í Dakóta en Helga Kress færir rök fyrir því að Júlíana hafi lengi hugsað sér til hreyfings og ort um það opinskátt í ljóðabókinni *Stúlka*.<sup>7</sup> Anna Þórdís Eggertsdóttir Eldon eða Gerður (1858–1936) flutti til Winnipeg árið eftir en hún var meðal allra fyrstu kvenna til þess að birta skrif í blöðum um kvenréttindamál á Íslandi og strax við komuna til Winnipeg fór hún að birta greinar eftir sig um réttindi kvenna í vikublaðinu *Heimskringlu*.<sup>8</sup>

Aðstæður þessara skáldkvenna voru mjög misjafnar á Íslandi sem og í Norður-Ameríku en sjaldgæft er að finna heimildir um hvað veldur því að þær fara vestur, annaðhvort einar (eins og Júlíana Jónsdóttir) eða sem hluti af stærri fjölskylduhópi. Eins og Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir hafa fjallað um voru ýmis

5 Birna Bjarnadóttir, „Another Emigrant Ship Crossing the Atlantic: The Poetics of Migration in the Poetry of Undína and Stephan G. Stephansson“; Birna Bjarnadóttir, „Við erum hér, en hugur okkar er heima: um líf og skáldskap Undínu“; Wolf, „Western Icelandic Women Writers: Their Contribution to the Literary Canon“.

6 Helga Kress, „Ein á fjallatindum: skáldkonan Guðrún Þórðardóttir frá Valshamri“.

7 Helga Kress, „Stúlka án pilts: um líf og ljóð skáldkonunnar Júlíönu Jónsdóttur, þeirrar fyrstu sem gaf út ljóðabók á Íslandi“.

8 Aðalheiður B. Ormsdóttir, „Pá var ekki latína stúlknafeða: kvenréttindakonan Þórdís Eggertsdóttir“. Aðrar íslenskar skáldkonur sem fóru vestur voru m.a. Guðrún H. Finnsdóttir (1884–1946) og Jakóbína Sigurbjörnsdóttir Johnson (1883–1977) en sú síðarnefnda kom til Kanada barn að aldri og settist seinna að í Seattle þar sem hún dó.

tækifæri fyrir íslenskar konur í Vesturheimi sem buðust þeim ekki heima, ekki síst fyrir einhleypar konur og ekkjur.<sup>9</sup> Konur voru útilokaðar frá mörgum störfum í kanadíska nýlendusamfélaginu en gátu m.a. unnið umönnunarstörf og fengið ágæt laun miðað við það sem þekktist á Íslandi.<sup>10</sup> Þær sem höfðu hlotið betri menntun (eins og Torfhildur Hólm og Anna Eldon) gátu starfað sem kennarar barna íslenskra innflytjenda eða sem sjálfstætt starfandi kennslukonur. Konur gátu sjaldnast tekið beinan þátt í verkefnum í boði kanadískra yfirvalda, þar sem miðað var við að úthluta innflytjendum frá Evrópu bújörðum í vesturluta landsins á mjög hagstæðum kjörum, en von um rými fyrir sig og sköpunargáfuna gat engu að síður verið sterkur hvati til að flytja út.

Skáldkonan Arnfríður Sigurgeirsdóttir (f. 1. ágúst 1880, d. 8. mars 1954), sem birti ljóðin sín undir gælunafninu Fríða, fæddist og dó í Mývatnssveit. Hún byrjaði að yrkja opinberlega um tvítugt eftir að rithöfundurinn Jón Stefánsson á Litlustrónd eða Þorgils gjallandi skoraði á hana að flytja kvæði á samkomu.<sup>11</sup> Um þetta leyti vann hún á Akureyri en eftir tvö ár í þéttbýli sneri hún aftur í Mývatnssveit þar sem hún giftist bóndasyninum Þorláki Jónssyni (1884–1930) og settist að á Skútustöðum. Þar orti hún mest tækifæriskvæði um atburði í nærsamfélaginu eða innan eigin fjölskyldu. Bréfaskipti hennar við Petrínu Guðmundsdóttur, föðursystur sína í Norður-Ameríku, varpa hins vegar ljósi á það hvernig togstreita skapaðist í lífi hennar við upphaf 2. áratugs 20. aldar. Hún var þá einstæð kona á fertugsaldri en hafði orðið fyrir því sára áfalli að missa yngri systur, móður og föður. Petrína hvatti hana eindregið til þess að koma til sín og svo er að sjá að Arnfríður hafi velt því alvarlega fyrir sér að flytja til Saskatchewan um tíma.

9 Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Single women who emigrated from Iceland to North America, 1870–1914: Forgotten women with agency?”.

10 Eins og sést skýrt í Canada's Early Women Writers-gagnagrunninum (Canadian Writing Research Collaboratory, <https://cwrc.ca/project/canadas-early-women-writers>), sem nær til kvenna sem birtu skrif á ensku í Kanada, var t.d. afar lítið um það að aðfluttar konur sem áttu ekki enskan bakgrunn gætu tekið þátt í útgáfustörfum utan eigin innflytjendasamfélags. Laura Goodman Salverson (1890–1970), Vera Lysenko (1910–1975) og aðrar konur af annarri kynslóð innflytjenda ruddu að mörgu leyti brautina í þeim efnum.

11 Sbr. inngang Karls Kristjánssonar að einni ljóðabók Fríðu. Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman: ævisögurhættir, minni og ljóð*, 13. Um Fríðu hefur fátt verið skrifað en sjá þó Helga Kress, *Stíllka. Ljóð eftir íslenskar konur*, 198.

Ekkert varð úr áformum frændfólksins um að Arnfríður færi til Ameríku og bréf hennar hafa ekki varðveist svo vitað sé. Hún geymdi hins vegar vandlega bréfin sem bárust frá ættingjum í Norður-Ameríku í árunna rás.<sup>12</sup> Áhugavert er að skoða þessi bréf og ekki síst hvernig þau endurspeglu bæði samband hennar við nærumhverfið og flókna stöðu hennar innan stórfjölskyldu sem bjó á víð og dreif um heiminn. Hún var stödd við jaðar kröftugs iðustraums fólksflutninga og þó svo að hún hafi kosið að halda sig á bökkum æskulóðanna virðist hún hafa verið mjög nálægt því að fara vestur um tíma.

Í stað þess að rannsaka bréfin til Fríðu sem heimild um hvers vegna ættingjar hennar kusu að fara af landi brott, má velta fyrir sér hvers vegna hún sjálf fór hvergi þrátt fyrir hvatninguna og aðstöðina sem henni bauðst. Í umræðu um sögulega fólksflutninga milli landa og heimsálfa hafa konur oft verið afgreiddar sem „fylgifiskar“ karla, þ.e. að þær hafi flutt búferlum fyrst og fremst vegna ákvarðana fedra og eiginmanna. Kyn er þó sífellt mikilvægari breyta í rannsóknum um fólksflutninga, enda ljóst að tækifæri einstaklinga til þess að setjast að í nýju landi litast mjög af ólíkum samfélagslegum viðhorfum til kynja og kynjahlutverka, bæði í heimalandi og í móttökulandi.<sup>13</sup> Í þessari grein eru sendibréf Petrínu föðursystur Arnfríðar þannig nýtt sem tól til þess að kanna það hvernig tvær náskyldar konur finna sér stað í tilverunni.

## Frænkurnar Petrína og Arnfríður


Petrína Guðmundsdóttir, kölluð Petra, fæddist á jóladag árið 1855 á Kálfaströnd í Mývatnssveit. Hún var yngsta barn Guðmundar Tómassonar (1811–1888) og konu hans Kristínar Jónsdóttur (1813–1893) en Kristín var 42 ára þegar hún fæddist. Næstyngstur í barnahópnum var Sigurgeir (1853–1911) en þau Petrína ólust upp saman og virðast hafa verið nái alla tíð. Hjónin fóstruðu einnig Guðfinnu Sigurðardóttur, systurdóttur Guðmundar, (1842–1922) frá unga aldri.

12 Innilegar þakkir til Arnfríðar Sigurðardóttur í Seattle fyrir að veita aðgang að þessum bréfum sem eru í eigu hennar. Þakkir einnig til Ólafs Arnar Sveinssonar fyrir að mynda bréfin í ferð til Seattle á vegum verkefnisins Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi.

13 Sjá t.d. Christou og Kofman, *Gender and Migration*, IMISCOE Research Series; Boyd og Grieco, „Women and Migration: Incorporating Gender into International Migration Theory“.

Eftir að Guðfinna giftist bóndanum Sigurði Magnússyni (1840–1928) fluttist hún að Arnarvatni í Mývatnssveit. Sigurgeir kom þangað sem vinnuhjú og varð Arnarvatn heimili hans upp frá þessu. Sigurgeir giftist vinnukonunni Kristínu Sigurðardóttur (1854–1895) sem var í húsmennsku á Arnarvatni og þau eignuðust tvær dætur með áratugsmillibili, Arnfríði skáldkonu og Guðfinnu (1890–1896).

Árið 1878 giftist Petrína Steingrími Þorsteinssyni (1855–1940) og stunduðu þau búskap fyrst um sinn á Narfastöðum en fluttu síðan á Daðastaði í Reykjadal. Jón, elsti sonur þeirra, dó í frumbersku en þrír yngri synir komust til ára, þeir Jón (f. 1882), Þorsteinn (f. 1887) og Pétur (f. 1889). Fjölskyldan flutti til Ameríku árið 1893 frá Daðastöðum og settist að í sveitinni skammt frá bænum Eyford í Norður-Dakóta. Nokkuð stór hópur fór til Dakóta það ár og meðal þeirra var annar bróðir Petrínu, Metúsalem eða Sali (1847–1928), sem tók ættarnafnið Goodman(n) við komuna, en Steingrímur og Petrína kusu sér ættarnafnið Thorsteinson. Elsti bróðirinn, Pétur (1843–1935), bjó áfram í Mývatnssveit. Aldrei kemur fram í bréfum Petrínu hvers vegna hjónin ákváðu að fara vestur en mágkona og svili Petrínu, þau Kristín Þorsteinsdóttir (1853–1942) og Sigurður Kráksson eða Krakson (1853–1903), höfðu sest að í svokallaðri Þingvallabyggð í Dakóta eftir að þau fluttu til Nýja Íslands í Kanada 1878 og þau aðstoðuðu fjölskyldu Petrínu við komuna. Úlfar Bragason hefur bent á að stór hópur vesturfara tengdist Arnarvatni í Mývatnssveit og voru úr ætt Petrínu og Arnfríðar, m.a. má nefna Jón Halldórsson í Nebraska sem fór vestur strax árið 1872 en þau Petrína voru systkina- börn.<sup>14</sup>



Mynd 1. Ættartengsl Petrínu og Arnfríðar

14 Úlfar Bragason, *Frelsi, menning, framför: um bréf og greinar Jóns Halldórssonar*, 92–94.

Ákvörðunin um að flytja vestur var oft tekin innan fjölskyldu og snerist ekki endilega um hag einstaklingsins heldur um stöðu heildarinnar.<sup>15</sup> Líkt og nú gat tilfinningaleg togstreita skapast milli fjölskyldumeðlima sem fóru og þeirra sem urðu eftir í heimalandinu en aðskilnaðurinn leiddi þó ekki til þess að böndin slitnuðu.<sup>16</sup>

Vægi fjölskyldunetsins og fjölskyldu í fólksflutningum til Norður-Ameríku hefur fengið aukna athygli á undanförunum áratugum.<sup>17</sup> Þegar frásagnir vesturfaranna eru skoðaðar sést að sameining stórfjölskyldunnar var oft langtímamarkmið en þessi draumur um sameiningu rættist oft aldrei. Þegar innflytjandi var orðinn nógu vel stæður til þess að aðstoða fleiri ættingja við það að koma var uppbyggingin á svæðinu oft orðin það mikil að það var erfitt fyrir nýbúana að stofna heimili í mikilli nálægð enda dýrt að koma sér vel fyrir. Vissulega eru dæmi um vel heppnaða „fjölskyldusameiningu“ en oft enduðu slíkar tilraunir þannig að ættingjarnir tvístruðust innan Norður-Ameríku í leit að betri afkomu og stórfjölskyldur enduðu á víð og dreif um heimsálfuna.

Ekki gekk vel hjá Petrínu og Steingrími að eignast góða bújörð í Dakóta enda höfðu bitastæðustu jarðirnar þegar verið teknar til ábúðar. Þau freistuðu því þess að flytja til Minnesóta-ríkis. Þar gekk enn verr vegna vatnsflóða og þau sneru aftur allslaus til Dakóta. Eins og rætt verður hér að neðan er það aðeins Jón sonur hennar sem segir frá ógöngum fjölskyldunnar í Minnesóta. Eftir sjö ára dvöl í Bandaríkjunum slóst Thorsteinson-fjölskyldan í hóp íslenskra „landleysingja“ – eins og Petrína kallar sig – sem fóru norður til Kanada árið 1900 í leit að hagstæðari kjörum. Metúsalem og Jakobína kona hans voru einnig með í förinni.

Hópurinn settist að við Red Deer Point við Lake Winnipegosis, rúma 300 kílómetra norðaustur af Winnipeg í Manítóba. Svæðið hafði árþúsundum saman verið heimkynni frumbyggjaþjóða. Nafn vatnsins kemur úr Anishinabemowin-málinu en við suðvesturbakkana bjó Minegoziibe Anishinabe-þjóðin. Þar stóð einnig nýlegur fjögurra hæða heimavistarskóli úr hleðslusteini fyrir börn af frum-

15 Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Burt og meir og bæjarleið: dagbækur og persónuleg skrif Vesturbeimsfara á síðari hluta 19. aldar*, 52.

16 Bryceson, „Transnational families negotiating migration and care life cycles across nation-state borders“

17 Glick, „Connecting Complex Processes: A Decade of Research on Immigrant Families“.

byggjakyni en slíkir heimavistarskólar voru liður í þjóðarmorði. Börn voru aðskilin frá foreldrum sínum með valdi frá fimm eða sex ára aldri og vistuð á skólastofnunum þar sem þau urðu fyrir alvarlegu ofbeldi og vanrækslu. Vitað er fyrir víst að yfir fjögur þúsund börn létust í skólunum en það er bara á síðustu þremur árum sem skipulögð leit hófst að leiðum þeirra sem voru grafin í skólagrafreitum í ómerktum gröfum.<sup>18</sup> Börnunum var refsað fyrir að nota móðurmál sitt og máttu ekki rækta tengslin við fjölskyldur sínar eða eigin menningu.<sup>19</sup>

Afkoma Thorsteinson-fjölskyldunnar batnaði í Red Deer Point þar sem hægt var að hafa tekjur af fiskveiðum en ekki var um að ræða eiginlegt landnám því svæðið hafði ekki verið skilgreint af kanadískum yfirvöldum sem eignarland til landtöku. Landbúnaður var í forgrunni í nýlendustefnu Kanada og sér í lagi akuryrkja.<sup>20</sup> Ekki er þó hægt að sjá af frásögnum Petrínu og annarra að kanadísk yfirvöld hafi skipt sér af óformlegu byggðinni sem leystist upp af sjálfu sér á örfáum árum með því að flestar fjölskyldurnar fluttu annaðhvort inn í Winnipegosis-þorpið, sem var sunnan við Red Deer Point, eða til Saskatchewan.<sup>21</sup> Grátbroslegt er að lesa í bréfum Petrínu að einn hvati til þess að flytja þaðan var skólaleysi – en af sjálfsgöðu fengu innflytjendabörnin ekki aðgang að risastóra heimavistarskólunum sem stóð skammt frá, enda reynt af fremsta megni að koma í veg fyrir blöndun innflytjenda og frumbyggja.<sup>22</sup> Synir Petrínu þurftu þannig að leita menntunar suður í Winnipeg.

18 National Centre for Truth and Reconciliation. Sjá einnig Hamilton, „Where are the Children buried?“

19 Young, „Anishinabemowin: A Way of Seeing the World: Reclaiming My Identity“. Mary Young gekk í umrædda skólann (sem hét Pine Creek Residential School) á 7. áratug 20. aldar en honum var lokað 1969. Jafnvel þá var þessi stefna viðhöfð í skólanum.

20 Frumbyggjaþjóðir stunduðu lengi og víða landbúnað meðfram veiði en notuðu sjálfbærari aðferðir sem kanadíska ríkisstjórnin var treg til þess að viðurkenna, sbr. Russell, *How Agriculture Made Canada: Farming in the Nineteenth Century*, 209–228. Innflytjendur frá Íslandi máttu færa sig um set, kæmi í ljós að þeir hefðu fengið úthlutað landskika á misheppnuðum stað, en eftir 1885 var ferðafrelsi frumbyggja innan Kanada einnig afar takmarkað. Eins og Russell fjallar um er enn útbreidd söguskoðun í Kanada að frumbyggjaþjóðir hafi ekki sýnt landbúnaði áhuga þrátt fyrir einlæggar tilraunir ríkisstjórnarinnar en raunin er sú að ríkisstjórnin gróf markvisst undan getu frumbyggja til þess að taka þátt í akuryrkju, m.a. með því að koma kerfisbundið í veg fyrir vélvæðingu. Sjá einnig Carter, *Lost Harvests: Prairie Indian Reserve Farmers and Government Policy*.

21 Finnbogí Hjálmarsson, „Safn til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi: landnámssöguþættir frá Íslendingum í Winnipegosis“. Um Thorsteinson-fjölskylduna sjá bls. 116.

22 Sjá einnig um nýlendustefnu kanadískra yfirvalda: Eyford, *White Settler Reserve: New Iceland and the Colonization of the Canadian West*.

Þegar gott orð fór að berast af nýlendu við Quill Lakes í Saskatchewan-fylki þar sem innflytjendur gátu sótt um land til eignar á hagstæðum kjörum í boði kanadískra yfirvalda ákváðu Petrína og Steingrímur að freista gæfunnar. Vorið 1905 fluttu þau frá Winnipegosis til þessarar nýlendu með miðsoninn Þorstein en hinir synir þeirra, Jón og Pétur, komu árið á eftir. Vatnabyggðin var aldrei alíslensk nýlenda en þangað fóru margir íslenskir vesturfara sem höfðu áður reynt að gerast bændur í Norður-Dakóta, þ.á.m. margt kunningjafólk Petrínu úr Þingeyjarsýslu. Í Saskatchewan áttu þau Petrína og Steingrímur eftir að eyða ævidögum sínum á heimilisréttarlandi sínu sunnan við Big Quill Lake (NW 24-32-17), skammt frá eyðiborpinu Kandahar og rúma sex kílómetra vestur af smábænum Wynyard.<sup>23</sup> Synir Petrínu og Steingrímis námu land skammt frá foreldrum sínum.

Synir Petrínu töluðu reiprennandi ensku, enda börn að aldri þegar þeir fóru vestur. Jón og Þorsteinn giftust konum af íslenskum uppruna en Elizabeth Readman, kona Péturs, var enskumælandi – þau kynntust þegar þau gengu saman í gagnfræðaskóla í Saskatoon. Petrína segist sjálf í bréfum sínum ekki hafa náð almennilegum tókum á ensku. Samskipti hennar virðast aðallega vera við aðra íslenska innflytjendur á svæðinu en hún lýsir Elizabeth eða Lissí tengdadóttur sinni af einstakri hlýju.

Thorsteinson-fjölskyldan hélt áfram að rækta tengslin við ættingja í Dakóta og víðar innan Norður-Ameríku, m.a. við Metúsalem og Jakobínu sem settust að við Manitobavatn ásamt Kjartani syni þeirra sem giftist konu af íslenskum ættum.<sup>24</sup> Ekkert þeirra átti eftir að snúa aftur til Íslands þó svo að a.m.k. eitt barnabarn þeirra, Raymond eða Ray Thorsteinson (1921–2012) lærði að tala og lesa íslensku til þess að geta átt í samskiptum við ömmu sína og afa.<sup>25</sup> Ferðalög stórfjölskyldunnar innan heimsálfunnar voru tíðari og Jón Halldórsson

23 Hér er miðað við Library and Archives Canada, *Land Grants of Western Canada, 1870–1930*, sótt 13. febrúar 2023 á <https://www.bac-lac.gc.ca/eng/discover/land/land-grants-western-canada-1870-1930/Pages/land-grants-western-canada.aspx>. Um fjölskylduna má lesa í byggðarsögum um Wynyard-svæðið, *Reflections by the Quills*, 93–94 og Jón Jónsson frá Mýri, „Safn til landnáms sögu Íslendinga í Vesturheimi: Vatnabygðir vestasti hlutinn“, 62.

24 *Patience, Pride and Progress*, 123–124.

25 „One of Canada’s Most Honoured Geologists, Raymond Thorsteinson, O.C., Ph.D., F.R.S.C.“, 6. Eins og fram kemur í greininni ferðaðist Ray víða um norðurlödir í starfi sínu, en hann var einn fremsti jarðfræðingur Kanada.



heimsótti t.d. Wynyard í ágúst 1912 og nefnir það í bréfi til Helgu systur sinnar að hann hafi hitt Petru (þ.e. Petrínu) og mann hennar.<sup>26</sup> Þar kemur fram að þau njóti velgengni og hafi keypt sér bíl. Þó svo að oft hafi verið langt milli íslenskra byggða innan Norður-Ameríku var hreyfanleiki milli byggðanna meiri og jafnvel þvert yfir landamærin, t.d. keypti Kristín, systir Steingríms, jörð við hliðina á jörð Steingríms og Petrínu árið 1913 eftir að hafa misst mann sinn en flutti síðan aftur til Mountain í Norður-Dakóta.<sup>27</sup>

Bréf urðu helsti samskiptamiðill fjölskyldunnar við ættingja sem urðu eftir á Íslandi. Þó voru bréf ekki eini farvegurinn til að viðhalda tilfinningatengslum við Ísland og í því samhengi má nefna persónulega muni frá ástvinum, hárlokka og ljósmyndir. Í bréfi til Sigurgeirs biður Petrína hann um að senda sér yfirsængina úr dánarbúi móður þeirra (sem lést sama árið og Petrína fór vestur) og líka lokka úr hári hans og barna sinna.<sup>28</sup>

## Bréf til Fríðu

Hjá mörgum Íslendingum sem fluttu vestur urðu bréf mikilvægur þáttur í samskiptum við vini og ættmenni heima, sem og annars staðar í Norður-Ameríku, en Úlfar Bragason hefur nýlega tekið saman gott yfirlit um rannsóknir á bréfum vesturfara frá Íslandi og öðrum Evrópulöndum.<sup>29</sup> Varðveitt bréf Petrínu eru 14 talsins en fjögur þeirra eru stíluð á Sigurgeir bróður hennar og geymdi Arnfríður þau áfram eftir andlát hans. Hin tíu bréfin eru til Arnfríðar. Fimm bréf eru óheil en af tímasettu bréfunum er það elsta skrifað skömmu eftir komuna til Dakóta, 29. desember 1893. Petrína skrifaði sjálf öll bréfin en lét Steingrím skrifa nokkrar línur í fyrsta bréfinu og hvatti sömuleiðis Jón, elsta son sinn, til að skrifa Arnfríði frænku sinni, sbr. hér að neðan.

26 Jón Halldórsson, *Atríði ævi minnar*, 176.

27 *Reflections by the Quills*, 95.

28 Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 29. desember 1893.

29 Úlfar Bragason, *Frelsi, menning, framför*, 20–24. Sjá einnig Böðvar Guðmundsson, *Bréf Vestur-Íslendinga*, 3 bindi.

Auk þess að skrifast á við fjölskyldumeðlimi hafði Petrína óformlegan aðgang að Íslandsbréfum í gegnum tengslanet sitt í Ameríku. Í fyrrnefndu bréfi til Sigurgeirs segist hún ekki hafa fengið bréf að heiman í misseri en fengið aðgang að bréfum annarra: „Við höfum... frétt úr bréfum Helga og Þórarins eins og ævinlega. Svo lesum við ævinlega Björns Jónassonar bréf.“<sup>30</sup> Hér er um að ræða nágranna Petrínu en í öðru bréfi til Sigurgeirs kemur fram að bréf geti farið í dreifingu víðar en bara innan byggðarinnar:

Ég var núna að lesa bréf frá Jóni eldra Halldórssyni. Jón bróðir hans sendi mér það til að lesa. Jón er kjurr suður í Nebraska þar sem hann var. Hann er ríkur—á 3 hundruð gripi. Hann og börnin eiga 8 lönd. Halldóra er rík. Stína er ein í húsi sem hún á. Börn Jóns oft hjá henni. Sigurbjörg er dáinn og tvær dætur hennar. Ég sá í þessu bréfi Jóns margt heimanad sem ég vissi ekki um því Helga var nýbúinn að skrifa honum.<sup>31</sup>

Bjartsýni einkennir bréf Petrínu til Sigurgeirs og ljóst er að hún vill sýna bróður sínum jákvæða mynd af Ameríku. Hún nefnir oft skólagöngu í bréfum sínum og er greinilega umhugað um menntun barna sinna. Á þeim tíma voru fá tækifæri fyrir börn að stunda formlegt bóknám á Íslandi og sjaldgæft að venjuleg sveitafjölskylda eins og hennar ætti kost á að senda öll börnin í skóla en það var einmitt afrek Petrínu og Steingríms að allir þrír strákarnir komust í framhaldsskóla í Norður-Ameríku. Draumurinn um menntun barnanna gæti hafa verið sterkur hvati til hreyfings fyrir foreldrana en tilgangur bréfanna er ekki aðeins að halda sambandi við bróðurinn, enda má sjá að Petrína hvetur Sigurgeir til þess að flytja vestur svo að Fríða litla geti einnig gengið í skóla. Skrifar Petrína:

30 „[V]ið höfum samt freitt úr brjefum Helga og Þórarins eins og ævinlega svo lesum við ævinlega Björs [svo] Jónassonar brjef.“ Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 29. desember 1893, 3v. Hér er væntanlega átt við Helga Stefánsson (hálfbróður Jóns Stefánssonar, Þorgils gjallanda), Þórarin Stefánsson og Björn Jónasson frá Narfastöðum.

31 „[E]g var núna að lesa brjef frá Jóni eldra Halldórssini Jón bródir hans sendi mjer það til að lesa Jón er kjur sudurí Nebraska þar sem hann var hann er ríkur á 3 hundruð gripi hann og börnin eiga 8 lönd Halldóra er rík Stína er ein í húsi sem hún á börn Jóns oft hjá henni Sigurbjörg er dáinn og tvær dætur hennar eg sá í þessu brjefi Jóns mart heimanad sem eg vissi ekki um því Helga var nýbúinn að skrifa honum“. Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 16. apríl 1907(?), 7v.

Eldri drengir mínir eru á skóla á hverjum degi. Hann stendur í tvo 6 mánuði. Ég veit ekki hvert við látum Pétur ganga. Ekki vantar að hann vilji það. Steini [Þorsteinn] ætlar að ganga vel við enskuna. Hann er gefnastur fyrir bókina af þeim. Við höfum oft sagt að það hefði verið gaman og gagn að láta Fríðu þína ganga á þennan skóla.<sup>32</sup>

Þrjú bréf berast Sigurgeiri frá Dakóta. Langt hlé verður hins vegar á bréfasamskiptum við Sigurgeir þegar fjölskylda Petrínu lendir í erfiðleikum og engin bréf eru send frá Minnesóta-ríki eða Winnepogosis. Í bréfi frá Petrínu sem er dagsett 16. apríl og líklega sent árið 1907 frá Sleipni P.O. (síðar Wynyard) segir frá högum fjölskyldunnar í Saskatchewan og útskýrir hún þar að einhverju leyti hvað hefur gengið á í millitíðinni en leggur áherslu á velgengni fjölskyldunnar við núverandi aðstæður. Hún lýsir Vatnabyggðinni á mjög jákvæðum nótum og óskar þess að hann og Fríða komi. Í Vatnabyggðinni búa nú margir af ættingjum og kunningafólki þeirra og þegar hefur verið stofnað lestrarfélag og keyptar íslenskar bækur og blöð í stórum stíl: „Þessi fjarski sem keyptur er af íslenskum bókum – Þó eru þær miklu dýrari hér en heima. Við lesum Akureyrarblöðin, Ísafold og Eimreiðina“.<sup>33</sup>

Óljóst er hvort Sigurgeir hafi nokkurn tíma svarað þessu bréfi en í bréfi til Arnfríðar dagsettu 17. mars 1908 kemur fram að bréf hefur borist þeim frá Arnfríði sem vekur mikla gleði. Petrína þakkar fyrir ljósmyndirnar sem Arnfríður sendir og svarar með fréttum af vinum og vandamönnum í Ameríku. Petrína skrifar annað bréf 10. janúar 1910 og vonar að Arnfríður hafi það gott en hefur ekki fengið nýlega bréf frá henni. Í millitíðinni hefur frændi þeirra, Þorlákur Jónasson frá Grænavatni, flutt til Vatnabyggðar.

Í öðru ódagsettu bréfi til Arnfríðar segir Petrína að hún hafi lesið ljóð eftir unga frænku sína í vikublaðinu *Lögbergi* og fengið staðfest-

32 „[E]ldri dreingir mínir eru á skóla á hverjum deii hann stendur í 6 mánuði eg veit ekki hvert við látum Pjetur gánga ekki vantar ad hann vilji það Steini ætlar ad gánga vel við enskuna han er gjefnastur firir bókina af þeim vid höfum oft sakt ad það hefði verid gaman og gagn ad láta Fríðu þína gánga á þennan skóla“. Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 29. desember 1893, 3r. Pétur er fjögurra ára þegar bréfið er skrifað.

33 „[Þ]essi fjarski sem kjeftur er af íslenskum bókum þó eru þær miklu dírari hjer en heima vid lesum Akureirarblödin Ísafold og Ejmreiðina.“ Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 16 apríl 1907(?), 4r.

ingu frá Þorláki Jónassyni að Arnfríður sé skáldkonan Fríða.<sup>34</sup> Því miður hefur fyrri hluti bréfsins glatast og ekki kemur fram á varðveitta blaðinu um hvaða ljóð er að ræða en það hlýtur að vera meðal fyrstu ljóða Fríðu sem birtust á prenti því bréfið er skrifað fyrir andlát Sigurgeirs 12. febrúar 1911.<sup>35</sup> Hugsanlega er það ljóðið „Ísland í fornöld“, sem birtist í *Óðni* í mars 1906 en var endurprentað í *Lögbergi* 24. maí sama ár.<sup>36</sup> Petrína biður Fríðu um að senda sér ljóðin sem hún yrkir og á væntanlega við handskrifað afrit, enda voru aðeins stök kvæði eftir Fríðu farin að birtast í blöðum.

Petrína vill ekki að Arnfríður sýni öðrum „þetta klór“ eins og hún kallar skriftina sína.<sup>37</sup> Þetta er eina bréfið sem Petrína vill ekki að fari í almenna dreifingu og það kann að vera vegna einhvers sem er getið í þeim hluta bréfsins sem hefur farið forgörðum. Þó er líklegra að það sé af tillitssemi við bróður sinn en í bréfinu óskar Petrína þess heitt að frænkan sjálf væri komin til hennar og ekki bara ljóðin. Ljóst er að Sigurgeir hefur tekið afgerandi ákvörðun um að vera um kyrrt en Petrínu dreymir um að Arnfríður geti komið og ekki síst vegna þess að Petrína er sívinnandi en er farin að þreytast.

Í öðru ódagsettu bréfi sem var skrifað á pálmásunnudegi kemur fram að Arnfríður hefur nýlega orðið fyrir sárum ástvinamissi og hefur að því virðist ákveðið að flytja til Petrínu og Steingríms í Wynyard. Petrína hripar í flýti bréf til að láta frænkuna vita að hún og Steingrímur séu að gera ráðstafanir um að senda fargjaldið.<sup>38</sup> Trúlega var það andlát Sigurgeirs sem hefur orðið Arnfríði svo þungbært. Fátt kemur fram í bréfinu af fréttum sem gæti staðfest þessa tímasetningu en Petrína nefnir þó að prentari í Wynyard ætli að gefa út íslenskt blað. Prentarinn mun vera Sveinn Oddsson en fáar heimildir hafa varðveist um blaðið. Í bókinni *Saskatchewan Icelanders* kemur aðeins fram að það hafi verið skammlíft en ekki hvað blaðið hafi heitið eða nákvæmlega hvenær það kom út.<sup>39</sup>

34 Petrína Guðmundsdóttir til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, ódagsett, 1r.

35 Ekki er hægt að tímasetja bréfið mjög nákvæmlega en það var greinilega ritað fyrir andlát Sigurgeirs í febrúar 1911 því Petrína biður kærlega að heilsa honum.

36 Arnfríður Sigurgeirsdóttir [Fríða, dulnefni], „Ísland í fornöld“, 2.

37 Petrína Guðmundsdóttir til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, ódagsett, 1v.

38 Petrína Guðmundsdóttir til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, skrifað í „Viniard á pálmásunnudag“, 1r.

39 Lindal, *The Saskatchewan Icelanders: A Strand of the Canadian Fabric*, 161.

Þar sem bréf Fríðu hafa ekki varðveist er erfitt að vita hversu langt hún var komin með áætlun sína um að fara til Saskatchewan eða á hvaða tímapunkti hún hætti við, en ákvörðunin um að flytja vestur í kjölfar föðurmíssis var greinilega ekki tekin í skyndi. Frænka hennar hafði lengi bent á kosti þess fyrir hana að flytja, m.a. vegna draumsins um skólagöngu og betri menntun. Sem vinnumaður gat Sigurgeir faðir hennar aldrei kostað Arnfríði til náms eða veitt henni efnahagslegt öryggi en í endurminningum Arnfríðar kemur fram að samband feðginanna hafi verið umhyggjusamt.<sup>40</sup>

Á Íslandi vann Arnfríður áfram sem vinnukona, komin yfir þrítugt. Hún gat unnið fyrir sér en fékk sjaldan tækifæri á Íslandi til að fá útrás fyrir skáldskapargáfuna eða að komast í annað starf en húsmennsku. Hún hafði alist upp við stéttarmun og það að vera ekki nema „vinnumannsdóttir“ í augum samfélagsins eins og hún fjallar sjálf um í æviminningum sínum.<sup>41</sup> En báðar konurnar vissu að til þess að geta farið vestur yrði hún að kveðja föður sinn. Hann hafði þegar orðið fyrir þeirri sáru reynslu að missa konu sína og yngri dóttur skömmu eftir að tvö systkini hans fluttu til Ameríku og sem óbreyttur vinnumaður á sextugsaldri stóð hann höllum fæti í samfélaginu, ekki síst eftir að þau Sigurður og Guðfinna fóstursystir hans hættu búskap á Arnarvatni.

Afgerandi þáttaskil í lífi Arnfríðar urðu í nóvember 1911, eða níu mánuðum eftir andlát Sigurgeirs þegar hún giftist bóndasyninum Þorláki Jónssyni á Helluvaði. Elsti sonurinn Jón fæddist 17. maí 1912 og hugsanlegt er að áform hennar um að fara til Ameríku hafi að einhverju leyti orðið til þess að þau Þorlákur tóku saman sumarið 1911 og gengu í hjónaband. Hún yrkir um ástina á eiginmanni sínum í minningarkvæði og segir m.a.: „Guði sé þökk, þú varðst á mínum vegi“ enda gaf hann henni „hlut í sælu sumranna“.<sup>42</sup> Hjónin fluttu á Skútustaði í Mývatnssveit og eignuðust þar þrjú börn, þau Geirfinn (1914–1942), Málmfríði (1917–1982) og Kristínu (1920–2009).

Bréfin halda áfram að berast frá Petrínu eftir að Arnfríður giftist en tónninn breytist eftir að litla frænkan verður eiginkona og móðir.

40 Sbr. Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 32.

41 Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 34.

42 Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 177–178.

Petrínu er ljóst að Arnfríður ætlar ekki vestur úr þessu en hún nýtur þess samt að skrifast á og skiptist á fréttum. Tilfinningaleg bönd milli kvennanna tveggja eru greinileg í bréfunum. Fyrri heimsstyrjöldin setti strík í reikninginn en að minnsta kosti þrjú bréf til Fríðu eru skrifuð á tímabilinu 1917–1921 og innihalda fyrst og fremst fréttir af henni og hennar fólki og kveðjur til Fríðu og annarra á Íslandi. Í einu ódagsettu bréfi er vikið að því að hún sé að verða sjóndöpur og líklegt er að hún hafi hætt að geta skrifað til Fríðu á allra síðustu árum sínum, en hún dó 21. janúar 1928.

Strákarnir mennta sig, kvænast og fara að eignast börn og Petrína tjáir þakklæti til tengdadætra sinna fyrir að veita sér mikla hjálp. Hún hefur sérstakt dálæti á Lissí konu Péturs en í því samhengi kemur skýrt fram að Petrína kann mjög takmarkaða ensku: „Okkur þykir mjög vænt um hana. Hún getur ekki verið okkur betri. Við verðum sjaldan ráðalausar að skilja hvar aðra. Ekki skaltu halda að ég skilji ensku eða tali nema einstaka orð“.<sup>43</sup>

Ekki var óalgengt að íslenskir innflytjendur sem komu vestur á fullorðinsárum lærðu enga eða nánast enga ensku. Jón Halldórsson skrifar árið 1914 um annan vesturfara að „hann er eins og margir landar, skeytti ekki um að læra ensku [...] getur síðan ekki talað við sonarkonur sínar og því síður við barnabörn sín; er svo í rauninni einstæðingur og vill helst vera milli landa“ og bætir við „sá sem best talar ensku, talar fyrir heilu ættina“.<sup>44</sup> Bréf Petrínu gefa þó aðra sýn þar sem hún leggur áherslu á gagnkvæman skilning kvennanna sem byggist ekki á tungumálakunnáttu. Petrína virðist vilja fullvissa Arnfríði um að hún sé ekki lengur eina konan í fjölskyldunni og fái þann stuðning sem Arnfríður geti ekki veitt henni.

Bréfið sem hér um ræðir er skrifað rúmlega tuttugu og fimm árum eftir komu Petrínu til Norður-Ameríku og sýnir hvernig skrif Íslendinga – og ritmenning fyrstu kynslóðarinnar –heldur áfram að takmarkast nær eingöngu við íslenskt ritmál á þeim slóðum þar sem íslenskir innflytjendur eru fjölmennastir en hverfur nánast með næstu kynslóð. Hlutverk handskrifaðra texta á íslensku á borð við

43 „[O]kkur þykir mjög vænt um hana hún gjetur ekki verid okkur betri vid verðum sjaldan ráðalausar ad skilja hvar adra ekki skaltu halda ad eg skili ensku eda tali nema einstaka ord.“ Petrína Guðmundsdóttir til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, 22. maí [1919], 2v.

44 Jón Halldórsson, *Atríði ævi minnar*, 177.

bréf er þó smám saman að breytast og handskrifað efni að heiman verður eins og hárlökkar eða yfirsæng, mikilvæg efnisleg tenging við fortíðina.

Fimm bréf berast Arnfríði frá Jóni syni Petrínu og Steingríms, þar af tvö sem eru skrifuð fyrir andlát Sigurgeirs (eitt er dagsett 16. mars 1908, en í hitt vantar fyrsta blaðið) og þrjú sem eru talsvert yngri eða frá tímabilinu 1928–1932. Fram kemur að þau Arnfríður léku sér saman sem börn, enda voru þau á sama reki, en bræðurnir Þorsteinn og Pétur voru mun yngri. Áhugavert er að bera saman bréf Petrínu og Jóns þar sem hann fjallar meðal annars um bréfaskriftir sínar og móður sinnar. Jón er opinskárr um erfiðleikana sem hann og aðrir innflytjendur hafa upplifað í árána rás. Lýsingar af fyrstu árunum í Ameríku bregða upp mynd af miklu erfiðari aðstæðum en Petrína segir frá í sínum bréfum og hann er einn til frásagnar um hrakninga þeirra í Minnesóta. Segir hann berum orðum að fjölskyldan hafi búið þar við sultarmörk, en að foreldrarnir hefðu hlíf sonunum við matarskorti eftir bestu getu.<sup>45</sup>

Þegar bréf Petrínu og Jóns sonar hennar eru borin saman sést að hún hikaði mjög við að skrifa um eigin erfiðleika og kaus heldur að rjúfa tengsl sín við ættmenni á Íslandi um margra ára skeið. Það var aðeins þegar Petrína vonaðist raunverulega til þess að Arnfríður kæmi til sín til Kanada að hún tjáði sig um erfiðari hlið þess að vera innflytjandi – um þreytuna og löngunina til þess að sameina fjölskylduna aftur á ný. Það var líka Jón sem útskýrði fyrir frænkunni að Petrína hefði alla tíð átt mjög erfitt með skriftina, enda væntanlega sjálflærð með öllu. Skort á næði til þess að skrifa átti hún sammerkt með Fríðu skáldkonu sem þurfti eins og frænkan í Kanada að skrifa og yrkja í hjáverkum. Drengir í annars veikri stöðu í samfélaginu gátu fengið félagslega viðurkenningu og jafnvel frí frá öðrum verkefnum til þess að stunda skriftir en slíkt var tæplega í boði fyrir konur eins og Petrínu eða Arnfríði.<sup>46</sup> Arnfríður fékk góða hvatningu frá öðrum til þess að yrkja og skrifa, m.a. frá Petrínu frænku sinni í

45 „Þar [í Roseau County í Minnesóta] áttum við aumu æfina, og það veit jeg nú að þar sultu foreldrar mínir, þaug höfðu samt einhvern veg til þess að láta okkur hafa svo ofan í okkur að ekki kirkti vöxt, við erum allir stærri menn en í meðal lagi.“ Jón Steingrímsson til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, 12. maí 1928, 2v–3r.

46 Sbr. Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge and Microhistory: Manuscript Culture in the Nineteenth Century*.

Kanada. Aftur á móti eru skrif Petrínu sprottin af löngun til þess að halda í tengslin við ættmenni og nærsamfélagið sem hún skildi eftir á Íslandi og eru í vissum skilningi efnisleg framlenging á þeim taugum sem hún ber til sinna nánustu þar.

## Þær sem fara og þær sem fara hvergi

Í umræðunni um fólksflutninga er efnahagsleg afkoma efst á baugi. Ofangreindar rannsóknir Sigríðar Matthíasdóttur og Þorgerðar Einarsdóttur varpa ljósi á það hvernig atvinnutækifæri buðust íslenskum konum í Norður-Ameríku. Störf fólust oft í umönnun og húshjálp í þéttbýli en vesturferðir gátu verið undankomuleið fyrir konur úr stétt einhleypra vinnukvenna sem vildu brjótast úr víta-hring fátæktar.<sup>47</sup> Aftur á móti voru konur undir félagslegum þrýstingi úr ýmsum áttum. Vissulega var fjárhagsleg og félagsleg áhætta fólgin í því að fara vestur um haf en ákvörðun ógiftrar og sjálfmenntaðrar vinnukonu um að fara úr húsmennsku til þess að freista gæfunnar í öðru landi stríddi einnig gegn ákveðnum félagslegum gildum þess tíma. Það þótti göfugt fyrir fólk á þrítugs- og fertugsaldri að giftast og stofna eigið sveitarheimili eftir að hafa verið í vist hjá öðrum um tíma en einstaklingar sem „komust undan“ vinnuskyldum sínum með öðrum hætti voru oft litnir hornauga.<sup>48</sup>

Fátæka vinnukonan Helga í *Vonum* Einars H. Kvarans flýr frá Íslandi með því að ginna einfaldan vinnumann til þess að borga fargjaldið.<sup>49</sup> Helga slítur tengslin við unnustann og ættjörðina um leið og hún stígur fæti á kanadíska grund en glæsilegur klæðaburður hennar í Winnipeg endurspeglar skort á öllum tilfinningum til alls þess sem hún „Nellie“ skildi eftir heima á Íslandi.<sup>50</sup> Bréf Petrínu sýna aftur á móti hvernig konur gátu að einhverju leyti styrkt stöðu sína og ættingja sinna með því að rækta sambönd þvert á landamæri og ekki síst þegar bregðast þurfti við áföllum.

47 Um kjör vinnukvenna sjá einnig Guðný Hallgrímsdóttir, *A Tale of a Fool?: A Microhistory of an 18th-Century Peasant Woman*.

48 Sbr. Guðmundur Hálfðanarson, „Social Distinctions and National Unity: On Politics of Nationalism in Nineteenth-Century Iceland“, 763–779.

49 Um söguna, sjá Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, „Icelandic Immigrants, Modernity, and Winnipeg in Einar Hjörleifsson Kvaran's *Hopes*“, 126–142.

50 Sbr. Bertram, *The Viking Immigrants: Icelandic North Americans*, 47–52.



Í erindi sem skáldkonan Fríða hélt á Slægjufundum Mývatninga um kveðskap um Mývatnssveit tekur hún upp hanskann fyrir þá sem hafa flust í þéttbýli í atvinnuskyni, en stofnað þar áttthagafélög. Alþýðuskáldkonunni sárnar þegar hún heyrir „menntamenn“ fleygja því fram að slíkt fólk hafi ekki minnsta vit á ættjarðarást og hugsi bara um nærumhverfi bernskunnar. Fríða telur að áttthagaást sé eins og lítill lækur sem fellur í stærra fljót ættjarðarástar en „aldrei hef ég gengið þess dulin, að höfundur ljóss og lífs leggur hverju barni í brjóst fræ ástar og ræktarsemi til þess, er annaðist það ósjálfbjarga, og stöðva þeirra, er veittu því skjól og yndi í bernsku“.<sup>51</sup> Hún bætir við að hún tryði betur afdalastúlkunni sem fórnaði ástarhamingju sinni til þess að annast veika, gamla móður sína í Garðshorni til að sinna ættjörð sinni „en þeim, sem yfirgefa farlana föður og móður og ganga á mála hjá Goðmundi á Glæsisvöllum, í von um fé og frama.“<sup>52</sup>

Í þessum orðum má greina einlæga afstöðu Fríðu til sambands lands, fjölskyldu og einstaklings. Tryggð við fjölskylduna (og sér í lagi við foreldrana) vegur þyngra en hagar eða ástir einstaklingsins en velgengni landsins er fólgin í því að hlúa vel að nærsamfélaginu. Þjóðin er einfaldlega heildin sem samanstendur af öllum brotum.

Ljóst er að „nærsamfélag“ Fríðu við upphaf 20. aldar náði yfir fleiri lönd en Ísland. Stór hluti ættingjanna bjó í Vesturheimi og hún fór að rækta sambandið við þau í auknum mæli á fullorðinsárum sínum. Ákveðin togstreita virðist hafa verið milli föður hennar og frændfólksins sem vildi að hún kæmi einnig vestur og fengi betri tækifæri til þess að menntast og fá góða atvinnu. Það kom aldrei til greina að yfirgefa föðurinn að honum lifandi en við fráfall hans varð hún ein eftir og hafði fá tækifæri í heimasveitinni sem einstæð kona. Ættingjarnir vildu strax grípa hana í áfallinu og aðstoða með því að koma henni til sín í Kanada og nokkuð ljóst er að hún hefði þegið boðið hefði ástin ekki bankað á dyr á örlagastund og skapað um leið nýja möguleika á öruggri stöðu í samfélaginu. Heima á Skútustöðum gat hún sest um kyrrt, en það að Petrína og Steingrímur í Saskatchewan voru fús til þess að hjálpa henni styrkti tvímælalast stöðu skáldkonunnar í Mývatnssveit þar sem hún hafði raunverulegt val um sína framtíð.

51 Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 127–128.

52 Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 128.

Búferlaflutningum yfir Atlantshafið er gjarnan lýst sem ferli þar sem einstaklingur tekur ákvörðun um að yfirgefa endanlega „heimalandið“ og leita á náðir ákveðins „móttökulands“ – ekki síst vegna þess að landið er sú stjórnsýslueining sem er fyrirferðarmest í lífi þverþjóðlegrar fjölskyldu. Stjórnsýsluleg landamæri hafa hins vegar takmarkað vægi í lífi og ljóðum Fríðu sem er bundnust af félagslegri stöðu sinni á hverjum tíma.

Sujatha Fernandes hefur bent á að ekki sé síður þörf fyrir flóknar frásagnir af reynslu manneskjunnar utan hringiðu heimsins en þeim miðlægu veitum sem bjóða upp á vandlega matreiddar sögur sem ögra ekki ríkjandi kerfi samfélagsins eða setja spurningarmerki við valdaójafnvægi og viðtekna skoðanir.<sup>53</sup> Auðvelt er að setja fram sögur um einstaklinga sem vilja hefja „leit að betra lífi“ í öðru landi, en þá er hætt við að horft sé fram hjá öðrum mikilvægum þáttum sem tengjast ekki efnahagsástandi, t.d. löngun til að sameinast öðrum í fjölskyldunni í kjölfar áfalls. Togstreitan fyrir Fríðu eftir föðurmíssinn snýst kannski ekki svo mikið um valið milli Íslands og annars lands heldur um það hvort hún sem sjálfmenntuð skáldkona í heimi þar sem mjög hallar á hlut kvenna geti fundið sér samastað við litla lækinn sinn eða hvort hún þurfi að fara þaðan út í hina stóru veröld.

---

53 Fernandes, *Curated Stories: The Uses and Misuses of Storytelling*.

## HEIMILDIR

- Aðalheiður B. Ormsdóttir. „Þá var ekki latína stúlknafeða: kvenréttindakonan Þórdís Eggertsdóttir“. Í *Kvennaslóðir*, 111–122. Ritstj. Anna Agnarsdóttir. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.
- Arnfríður Sigurgeirsdóttir [Fríða, dulnefni]. „Ísland í fornöld“. *Lögberg* (24. maí 1906): 2.
- Arnfríður Sigurgeirsdóttir. *Séð að heiman: ævisögubættir, minni og ljóð*. Akureyri: Norðri, 1952.
- Bertram, L. K. *The Viking Immigrants: Icelandic North Americans*. Toronto: University of Toronto Press, 2020.
- Birna Bjarnadóttir. „Another Emigrant Ship Crossing the Atlantic: The Poetics of Migration in the Poetry of Undína and Stephan G. Stephansson“. Í *The Icelandic Heritage in North America*, 143–160. Ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason. Winnipeg: University of Manitoba Press, 2023.
- Birna Bjarnadóttir. „Við erum hér en hugur okkar er heima: um líf og skáldskap Undínu“. *Stuðlaberg 2* (2020): 27–29.
- Boyd, Monica og Elizabeth Grieco. „Women and Migration: Incorporating Gender into International Migration Theory.“ *Migration Information Source* (2003). Sótt 15. ágúst 2023 á <https://www.migrationpolicy.org/article/women-and-migration-incorporating-gender-international-migration-theory>
- Bryceson, Deborah Fahy. „Transnational Families Negotiating Migration and Care Life Cycles Across Nation-state Borders“. *Journal of Ethnic and Migration Studies* 45, 16 (2019): 3042–64. <https://doi.org/10.1080/1369183X.2018.1547017>
- Böðvar Guðmundsson. *Bréf Vestur-Íslendinga*. 3 bindi. Reykjavík: Mál og menning, 2001–2021.
- Carter, Sarah. *Lost Harvests: Prairie Indian Reserve Farmers and Government Policy*. Montreal: McGill-Queen's University Press, 1990.
- Christou, Anastasia og Elenore Kofman. *Gender and Migration*. IMISCOE Research Series. Cham: Springer, 2022.
- Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon. *Burt og meir og bæjarleið: dagbækur og persónuleg skrif Vesturbeimsfara á síðari bluta 19. aldar*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001.
- Eyford, Ryan. *White Settler Reserve: New Iceland and the Colonization of the Canadian West*. Vancouver: UBC Press, 2016.
- Fernandes, Sujatha. *Curated Stories: The Uses and Misuses of Storytelling*. Oxford: Oxford University Press, 2017.
- Finnbogi Hjálmarsson. „Safn til landnáms sögu Íslendinga í Vesturheimi: landnáms sögubættir frá Íslendingum í Winnipegosis.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar* 36 (1930): 56–121.
- Glick, Jennifer E. „Connecting Complex Processes: A Decade of Research on Immigrant Families.“ *Journal of Marriage and Family* 72 (June 2010): 498–515. <https://doi.org/10.1111/j.1741-3737.2010.00715.x>

- Guðlaug Gísladóttir. „Það var vel artað barn og hafði fengið hreina sálu: fyrsta þýdda barnabókin á íslensku.“ *Jón á Bægisá* 4 (1999): 29–36.
- Guðmundur Hálfðanarson. „Social Distinctions and National Unity: On Politics of Nationalism in Nineteenth-Century Iceland.“ *History of European Ideas* 21.6 (1995): 763–779.
- Guðný Hallgrímsdóttir. *A Tale of a Fool?: A Microhistory of an 18th-Century Peasant Woman*. London: Routledge, 2019.
- Guðrún Björk Guðsteinsdóttir. „Icelandic Immigrants, Modernity, and Winnipeg in Einar Hjörleifsson Kvaran’s *Hopes*.“ Í *The Icelandic Heritage in North America*, 126–142. Ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason. Winnipeg: University of Manitoba, 2023.
- Guðrún Ingólfssdóttir. *Skáldkona gengur laus: erindi nítjándu aldar skáldkvenna við heiminn*. Reykjavík: Bjartur, 2021.
- Hamilton, Scott. „Where are the Children buried?“ National Centre for Truth and Reconciliation, 2021.
- Helga Kress. „Ein á fjallatindum: skáldkonan Guðrún Þórðardóttir frá Valshamri.“ Í *Óþarfar unnustur og aðrar greinar um íslenskar bókmenntir, 174–184*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, 2009.
- Helga Kress. „Stúlka án pilts: um líf og ljóð skáldkonunnar Júlíönu Jónsdóttur, þeirrar fyrstu sem gaf út ljóðabók á Íslandi.“ *Breiðfirðingur* 10 (2022): 90–127.
- Helga Kress. *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2001.
- Jón Halldórsson. *Atríði ævi minnar*. Ritstj. Úlfar Bragason. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.
- Jón Jónsson frá Mýri. „Safn til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi: Vatnabygðir vestasti hlutinn.“ *Almanak Ólafs S. Þorgeirssonar* 25 (1919): 31–81.
- Library and Archives Canada. *Land Grants of Western Canada, 1870–1930*. Sótt 13. febrúar 2023 á <https://www.bac-lac.gc.ca/eng/discover/land/land-grants-western-canada-1870-1930/Pages/land-grants-western-canada.aspx>
- Lindal, Walter J. *The Saskatchewan Icelanders: A Strand of the Canadian Fabric*. Winnipeg: Columbia, 1955.
- National Centre for Truth and Reconciliation. *National Student Memorial*. Sótt 14. febrúar 2023 á <https://nctr.ca/memorial/national-student-memorial/>
- „One of Canada’s Most Honoured Geologists, Raymond Thorsteinson, O.C., Ph.D., F.R.S.C.“ *Lögberg-Heimskringla* (6. des. 2002): 6.
- Patience, Pride and Progress*. Eddystone: Eddystone and District Historical Society, 1983.
- Reflections by the Quills*. Wynyard, Saskatchewan: Quill Historical Society, 1981.
- Russell, Peter A. *How Agriculture Made Canada: Farming in the Nineteenth Century*. Montreal: McGill-Queen’s University Press, 2012.
- Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. „Single Women Who Emigrated from Iceland to North America, 1870–1914: Forgotten Women with Agency?“ *Scandia: Tidskrift för historisk forskning* 82, 1 (2016): 10–34.
- Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson. *Minor Knowledge and Microhistory: Manuscript Culture in the Nineteenth Century*. New York: Routledge, 2017.

- Soffía Auður Birgisdóttir. „Þar var Herdís: um ljóðagerð Herdísar Andrésdóttur (1858–1939).“ *Stína* 6, 3 (2011): 6–24.
- Úlfar Bragason. *Frelsi, menning, framför: um bréf og greinar Jóns Halldórssonar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017.
- Wolf, Kirsten. „Western Icelandic Women Writers: Their Contribution to the Literary Canon.“ *Scandinavian Studies* 66, 2 (1994): 154–203.
- Young, Mary. „Anishinabemowin: A Way of Seeing the World: Reclaiming My Identity.“ *Canadian Journal of Native Education* 39, 1 (2017): 19–25.

## ÚTDRÁTTUR

**Svar við bréfi Fríðu:  
Skáldkonan Arnfríður Sigurgeirsdóttir  
og frænkan í vestrinu**

Margar alþýðuskáldkonur og kvenrithöfundar fóru til Vesturheims á síðustu áratugum 19. aldar og fyrstu árum þeirrar 20. Áhrif vesturferðanna náðu þó til fleiri kvenna en þeirra sem freistuðu þess að flytja sjálfar. Þessi grein fjallar um bréfaskipti tveggja náskyldra kvenna en önnur þeirra, Petrína Guðmundsdóttir (1855–1928), flutti til Norður-Dakóta árið 1893 ásamt eiginmanni og sonum þeirra þriggja. Bróðurdóttir Petrínu, skáldkonan Arnfríður Sigurgeirsdóttir (1880–1954), var barn að aldri þegar frænka hennar fór vestur. Fljótlega eftir komuna fór Petrína að skrifa Sigurgeiri bróður sínum og hvatti hann til þess að koma vestur með Arnfríði þar sem góður aðgangur væri að barnaskólum. Ameríkubréfin hættu hins vegar að berast í mörg ár. Af samanburði við aðrar heimildir má sjá að miklir erfiðleikar höfðu tekið við og fjölskylda Petrínu hraktist milli bygðna í allnokkur ár.

Petrína fór loksins aftur að skrifa eftir að hún settist að í Vatnabyggð í Saskatchewan 1905 þar sem fjölskyldunni farnaðist vel. Arnfríður var þá orðin fullorðin kona og farin að yrkja vísur sem birtust í blöðunum undir skáldanafninu Fríða. Hún fékk þó aldrei að ganga menntaveginnum eins og frænkan hafði vonast til enda hafði faðir hennar lítið milli handanna en móðir hennar var fallin frá. Í *Séð að heiman* (1952) lýsir Arnfríður reynslunni af því að alast upp sem óbreytt „vinnumannsdóttir“ í augum samfélagsins en hún var nán föður sínum og það var henni mikið áfall þegar hann féll frá 1911. Af bréfum Petrínu má sjá að Arnfríður velti því alvarlega fyrir sér að flytja vestur í kjölfar missisins enda átti hún sterkt fjölskyldunet í Norður-Ameríku sem gat gripið hana. Úr ferðinni varð ekki en bréfin sem hafa varðveist varpa ljósi á það hvernig alþýðukonur á borð við Petrínu og Arnfríði gátu ræktað tengslin sín á milli þrátt fyrir fjarlægðina.

## ABSTRACT

**Dearest Fríða:  
Arnfríður Sigurgeirsdóttir and Icelandic  
women's migration to North America**

Many Icelandic women poets and writers migrated to North America in the late nineteenth and early twentieth centuries, some with larger family groups and others as single women who pursued independent careers, mainly as domestic workers and caregivers. However, few documents survive on women's individual migration decisions or how and why they navigated the migration process.

This article examines the poet Arnfríður Sigurgeirsdóttir (1880–1954) and her correspondence with her aunt Petrína Guðmundsdóttir (1855–1928) in Canada. Petrína and her husband, Steingrímur Þorsteinsson, emigrated to North Dakota in 1893 with their sons Jón, Þorsteinn and Pétur. Petrína wrote several letters to her brother Sigurgeir, encouraging him to emigrate with Arnfríður. Petrína's initially positive messages were followed by years of silence. Rather than describe her most difficult experiences as a migrant, she severed communication with her family in Iceland until her situation improved.

After moving to Saskatchewan in 1905, Petrína began corresponding directly with her now-adult niece. Although Arnfríður was a talented and well-received poet, who published her poetry under the name Fríða, neither she nor Petrína had received a formal education. Arnfríður describes in her autobiography how she was treated as a social inferior in her home community as a child due to her father's status. Petrína's letters suggest that Arnfríður seriously considered emigrating to Canada immediately after the loss of her father in 1911. Her aunt offered to assist her in the migration process and to send the fare for the transatlantic crossing. Ultimately, Arnfríður decided to remain in Iceland after becoming romantically involved with her future husband, Þorlákur Jónsson. However, her family network connections remained a source of emotional support. The poet and her aunt continued to correspond until Petrína's health declined, and their later letters served to reinforce their close emotional bond across the Atlantic.